

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ragnhildi Jónsdóttur um mat á áhrifum lagasetningar á lýðheilsu.

1. Hvernig fer mat á áhrifum lagasetningar á lýðheilsu fram?

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, nr. 791/2018, skal við samningu lagafrumvarps ávallt meta áhrif þess að það verði að lögum. Matið er þó misjafnlega ítarlegt eftir umfangi frumvarpsins. Mat á áhrifum ber að vinna í tveimur skrefum að minnsta kosti. Fyrst er unnið svokallað frummat á áhrifum samhliða áformum um lagasetningu. Síðar er hið endanlega mat unnið á sama tíma og frumvarpið er samið. Áform um lagasetningu og mat á áhrifum fyrirhugaðrar lagasetningar skulu sett fram á stöðluðu eyðublaði og þar skal rekja stuttlega úrlausnarefni, markmið og helstu leiðir að settu markmiði auk annarra lykilatriða. Frummat á áhrifum þeirrar leiðar sem lögð er til, bæði mat á fjárhagsáhrifum og öðrum áhrifum eins og t.d. á lýðheilsu, skal vera eins ítarlegt og við verður komið. Einnig er gerð grein fyrir niðurstöðum mats á áhrifum í stórum dráttum í greinargerð með frumvarpinu.

Matið er að hluta til fjárhagslegt en lagt er mat á kostnað eða ávinning hagsmunaaðila og ríkissjóðs eða sveitarfélaga. Í öðru lagi er lagt mat á afleiðingar fyrir tiltekna mikilvæga almannahagsmuni, svo sem umhverfið, heilsu manna og jafnrétti. Feli ákvæði frumvarps í sér neikvæð áhrif á eitthvað af framantöldu eða áhættu ber að rökstyðja hvernig dregið verður úr eða komið í veg fyrir þau áhrif.

2. Eru til leiðarvísar og greiningarráðgjafar fyrir slíkt mat? Ef svo er ekki, er unnið að gerð þeirra og hvenær er áætlað að slíkt matstæki verði tilbúið?

Fyrir á þessu ári fól ráðherra embætti landlæknis að vinna leiðarvísi og greiningarramma fyrir mat á áhrifum frumvarpa og annarra aðgerða opinberra aðila á lýðheilsu samkvæmt lýðheilsuáætlun. Tilgangurinn er að tryggja að við lagasetningu fari ávallt fram heildstætt mat á mögulegum áhrifum á heilsu almennings, hvort sem um jákvæð eða neikvæð áhrif er að ræða, þannig að unnt sé að grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það á við. Vinna við gerð framangreindra leiðbeininga er á lokastigi. Samkvæmt fyrirliggjandi drögum að greiningarramma mats á áhrifum á lýðheilsu er gert ráð fyrir því að í upphafi vinnu við gerð frumvarps verði metið hvort aðgerðin hafi áhrif á lýðheilsu. Gerir greiningarramminn ráð fyrir því að auk almenns mats á áhrifum á lýðheilsu verði lagt sérstakt mat á það út frá áhrifabáttum lýðheilsu, hvort frumvarpið sé til þess fallið að hafa bein eða óbein áhrif á lífnaðarhætti og/eða andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan almennings. Þá gerir ramminn einnig ráð fyrir að metið verði sérstaklega hvort lýðheilsa tiltekinna þjóðfélagsþátta verði frekar fyrir áhrifum, t.d. vegna kyns, aldurs, stöðu, fötlunar, uppruna, kynvitundar eða á grundvelli annarra einstaklingsbundinna þátta. Markmiðið er að tryggja að ávallt sé leitast við að stuðla að jöfnuði til heilsu.

Þá gerir greiningarrámminn ráð fyrir því að sérstaklega verði gerð grein fyrir niðurstöðum lýðheilsuástandsins sem á að byggja á gögnum og greiningu á mati á áhrifum sem vinna ber með skipulegum hætti.

3. Hverjir koma að framkvæmd lýðheilsuástands og hvernig er gætt að því að niðurstaðan byggist á faglegum og hlutlægum forsendum?

Framkvæmd mats á áhrifum er mismunandi eftir eðli og umfangi máls hverju sinni. Leiði upphafsskref mats á áhrifum í ljós að líkur séu á því að um áhrif á lýðheilsu sé að ræða, getur þurft að kalla til sérfræðinga á sviði lýðheilsu og eftir atvikum haghafa, til að tryggja að matið verði heildstætt og taki til allra áhrifaþátta á heilsu og líðan almennings eða tiltekinna þjóðfélagshópa.

Hugmyndafræðin á bak við mat á áhrifum gerir ráð fyrir að það sé unnið með hlutlægum hætti og feli í sér faglega úttekt á áhrifum frumvarps, bæði jákvæðum og neikvæðum. Mati á áhrifum er þannig ætla að auðvelda frumvarpshöfundum að móta tillögur sem ná sem best þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni þar sem ávinningur er hámarkaður en neikvæð áhrif eru lágmörkuð. Þá gera leiðarvísir og greiningarrámmi fyrir mat á áhrifum á lýðheilsu ráð fyrir ítarlegu mati á áhrifum á lýðheilsu, hvort sem um er að ræða bein eða óbein áhrif, jákvæð eða neikvæð áhrif, auk þess að sérstaklega þurfi að gera grein fyrir áhrifum á lýðheilsu tiltekinna þjóðfélagshópa ef við á.